

Mánudaginn 18. mars 1985.

Nr. 31/1985. **Alexander Sigurðsson**

gegn

Rögnu Láru Ragnarsdóttur f. h.

Matthildar Brynjólfssdóttur og

Kristni Ragnarssyni f. h.

Ólafs Kristinssonar

Brandi Brynjólfssyni og

Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í

Reykjavík, f.h. dánarbús Jóns E. Ragnarssonar.

Kærumál. Skipti. Hafning máls og útivist í skiptarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Hinn 13. febrúar 1985 kærði sóknaraðili til Hæstaréttar með heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 ákvörðun skiptaréttar Reykjavíkur 8. febrúar 1985, sem fram kemur í svohljóðandi bókun í skiptaréttarmáli nr. 4/1985: Brandur Brynjólfsson og Alexander Sigurðsson gegn dánarbúi Jóns E. Ragnarssonar:

„Með því að ekki er mætt af hálfu sóknaraðilans Alexanders Sigurðssonar, er mál þetta hafið, hvað hann varðar, sbr. 2. ml. 1. mgr. 118. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936. Sigurður Georgsson hdl. krefst þess, að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi Alexanders Sigurðssonar. Mun tekin afstaða til þeirrar kröfu síðar.“

Kröfur sóknaraðilja eru þessar: „Að hin kærða ákvörðun verði úr gildi felld og *adallega* að lagt verði fyrir skiptaráðanda að kveða upp efnisúrskurð um kröfu Alexanders Sigurðssonar í dánarbú Jóns E. Ragnarssonar en til vara að ákveðinn verði skriflegur flutningur málsins að því er Alexander Sigurðsson varðar vegna kröfu hans í dánarbú Jóns E. Ragnarssonar og ágreining við Brand Brynjólfsson um kröfu. — Krafist er kærumálskostnaður úr hendi Brands Brynjólfssonar og db. Jóns E. Ragnarssonar.“

Af hálfu varnaraðiljanna Matthildar og Ólafs, sem eru ófjárráða, er krafist staðfestingar á ákvörðun skiptaráðanda.

Frá varnaraðiljanum Brandi Brynjólfssyni hrl. hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Ragnar Halldór Hall, skiptaráðandi í Reykjavík, hefur sent Hæstarétti skriflegar athugasemdir.

Jón E. Ragnarsson hrl. andaðist 10. júní 1983, og var dánarbúið tekið til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú. Jón hafði gert erfðaskrá. Ráðstafar hann þar ýmsum eignum sínum, en kveður jafnframt svo á, að aðrar eignir falli til systkinabarna sinna, varnaraðiljanna Matthildar Brynjólfsdóttur og Ólafs Kristinssonar. Sóknaraðili þessa hæstaréttarmáls og varnaraðilinn Brandur Brynjólfsson lýstu kröfum í búið. Telja þeir sig báðir eiga rétt til að fá utan skuldaraðar fé, sem hinn látni varðveitti vegna ágreinings þeirra Alexanders og Brands um það, hvor ætti það með réttu.

Hinn 18. janúar sl. var ágreiningur um þetta fé tekinn til sérstakrar meðferðar í skiptaréttarmáli nr. 4/1985. Sem fyrr segir var bókað, að sóknaraðiljar væru Alexander Sigurðsson og Brandur Brynjólfsson, en varnaraðili dánarbúið. Pennan dag var bókað, að sótt hefði verið þing fyrir sóknaraðilja báða. Þingað var á ný í málinu 1. febrúar og þá mætt fyrir alla þrjá aðiljana. Fyrir dánarbúið mætti Sigurður Georgsson hdl. Loks kom málið fyrir 8. febrúar, og var þá gerð bókun um hina kærðu ákvörðun.

Í 25. gr. skiptalaga nr. 3/1878, kafla um skuldafrágöngubú segir í 25. gr.: „Nú sækir maður eigi skiptafund, er honum hefir verið löglega boðaður, og hefir hann þá fyrirgert rétti sínum til að mótmæla ályktunum þeim, er þar hafa gerðar verið um stjórn búsins; en eigi hefur hann fyrir þá sök afsalað sér neinum rétti eða kröfu.“

Í 38. gr. lagana segir: „Nú er skuldakröfu mótmælt, og skal þá skiptaráðandi leita um sættir, en ef sættum verður eigi á komið, leggur hann úrskurð á, hvort taka skuli kröfuna til greina að nokkru eða öllu leyti, og skal fara með það mál eftir réttarfarsreglum þeim, sem í gildi eru. Á sama hátt skal ráða til lykta ágreiningi um forgöngurétt skulda og hverjum öðrum ágreiningi um úthlutun búsins. Skiptaráðandi útvegar búinu talsmann í slíkum málum, ef þurfa þykir.“

Ákvæði þessi gilda um það mál, sem hér er til úrlausnar. Að sönnu segir í 38. gr. skiptalaga, að gildandi réttarfarsreglum skuli beitt, sbr. og 223. gr. einkamálalaga. Þess verður þó að gæta, að

eftir 25. gr. skiptalaga breytist ekki hugsanlegur réttur sóknaraðiljans Alexanders til greiðslu úr dánarbúinu, þó að útivist hafi orðið af hans hálfu 8. febrúar. Skiptaréttarmálið er höfðað til að skera úr ágreiningi, sem varðar bæði Alexander og Brand Brynjólfsson, og verður sá ágreiningur ekki til lykta leiddur með viðunandi hætti, nema báðir séu málsaðiljar, enda hafa þeir báðir lýst kröfu í búið.

Samkvæmt framansögðu verður að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi. Ekki þykja efni til að taka kröfur sóknaraðilja til greina að öðruleyti á þessu stigi málsmeðferðar í skiptarétti.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfélagans í Reykjavík, tók hina kærðu ákvörðun.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Framangreind ákvörðun skiptaráðandans í Reykjavík er felld úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Þriðjudaginn 19. mars 1985.

Nr. 9/1985. **Róbert Sverrisson**

(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

gegn

Sigríði Einarsdóttur

(Arnmundur Backman hrl.)

Hjón. Búskipti. 67. gr. laga nr. 60/1972.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.